

Viljayfirlýsing um áframhaldandi starfsemi Háskóla Íslands á Laugarvatni

Háskóli Íslands (HÍ) hefur ákveðið að færa 1. ár grunnnáms í íþróttá- og heilsufræði frá Laugarvatni til Reykjavíkur haustið 2016, en 2. og 3. námsár ári síðar. HÍ hefur lýst því yfir að hann muni nýta hluta af aðstöðu á Laugarvatni áfram í þágu skólans, háskólamenntunar og rannsókna, en með öðru og fjölbreyttara sniði en gert hefur verið hingað til. Uppbygging þeirrar starfsemi er samvinnuverkefni HÍ, Bláskógabyggðar og Háskólfélags Suðurlands. Meginþættir verkefnisins eru eftirfarandi:

1. Miðstöð HÍ að Laugarvatni fyrir nám, kennslu, rannsóknir og þróunarstarf

Markmið: Að skapa aðstöðu fyrir nemendur, kennara, fræðimenn og aðra starfsmenn HÍ til náms, kennslu, rannsókna og þróunarstarfs utan höfuðborgarsvæðisins. Starfsemin styðji við og leiði til fjölbreyttra tengsla HÍ við starfsemi á svæðinu og í nágrenni þess.

Nánari útfærsla:

- HÍ nýti aðstöðuna að Laugarvatni fyrir styttri námskeið (lotunám t.d. 1-2 vikur í senn), fundahöld, minni ráðstefnur og vinnubúðir fyrir nemendur og starfsmenn en einnig fyrir samstarfshópa fræðimanna, m.a. í erlendu samstarfi.
 - Dæmi um greinar sem HÍ telur að gætu nýtt sér aðstöðuna fyrir námskeið eða lotunám: íþróttá- og heilsufræði, kennarafræði, ferðamálafræði, tómstundafræði, líffræði, þjóðfræði, jarðfræði, umhverfis- og auðlindafræði og nýsköpun auk fleiri greina.
 - Dæmi um námskeið eða vinnubúðir sem HÍ telur að gæti nýtt sér aðstöðuna: Tungumálanámskeið, hópeflsnámskeið, námskeið fyrir erlenda stúdenta, nýsköpun, skapandi skrif og listgreinar, t.d. í samstarfi við aðra innlenda háskóla. Vinnufundir starfseininga HÍ, námstefnur og minni ráðstefnur á kennslutíma, sem erfitt hefur reynst að fá pláss fyrir innan HÍ. Vinnustofur fyrir rannsóknahópa t.d. til umsóknaskrifa um styrki úr rannsóknasjóðum. Vísindabúðir fyrir börn og ungmenni t.d. á vorin.
- HÍ verði með gistaðstöðu í 30 herbergjum (2*30 rúm) í núverandi kennsluhúsnæði HÍ fyrir nemendur/páttakendur auk gistaðstöðu fyrir kennara/starfsmenn. Nemendur sem fara í lotukennslu fái þar gistingu. Samkomulag verði gert við Menntaskólann að Laugarvatni um aðgang að mótneyti.
- HÍ reki áfram skólahúsið og hluta af því húsnæði sem kennarar og starfsmenn hafa haft til umráða. Niðurstaða um framtíðarskipulag skal liggja fyrir 1. júlí 2017 frá að telja.
- HÍ leitast við að hafa starfsmenn búsetta á staðnum sem starfa í tengslum við miðstöð HÍ að Laugarvatni.

2. Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi (Laugarvatni)

Markmið: Komið verði á fót rannsóknasetri HÍ að Laugarvatni með starfsmönnum í rannsóknaverkefnum sem tengjast svæðinu. Rannsóknaverkefnin gætu tengst þróun svæðisins sem ferðamannastaðar og þróun byggðar á Suðurlandi sem hefur verið mikil á undanförnum árum. Áherslusvið rannsóknasetursins geta því verið fjölbreytt, svo sem ferðamál, landnýting og byggðaþróun svo dæmi séu tekin.

Nánari útfærsla: HÍ rekur nú þegar þrjú rannsóknasetur á Suðurlandi, Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum, Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi með starfsstöðvar á Selfossi og í Gunnarsholti, og Rannsóknasetur HÍ á Höfn. Auk þeirra eru fjögur önnur rannsóknasetur HÍ staðsett á landsbyggðinni. Rannsóknasetur HÍ eru vettvangur samstarfsverkefna skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni. Þau eru kjörinn vettvangur rannsóknavinnu nemenda í framhaldsnámi við deildir HÍ. Ný starfsstöð rannsóknasetra á

H.K.

Suðurlandi myndi styðja við starfsemi annarra rannsóknasetra skólans sem og við Jarðskjálftamiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi. Hí leitast við að hafa starfsmenn búsetta á staðnum.

3. Samstarf við Háskólfélag Suðurlands um námskeiðahald og e.t.v. fjarkennslu.


Markmið: Efling starfs Hí á landsbyggðinni og aukin tækifæri fólks á Suðurlands og sækja sér menntun á háskólastigi.

Nánari útfærsla: Gert er ráð fyrir nánari útfærslu m.a. í samvinnu við Háskólfélag Suðurlands.


Fjármál

Ofangreindar tillögur gera ráð fyrir samráði framangreindra aðila og að samkomulag náist um fjármögnun starfseminnar í samstarfi Hí, stjórnvalda og Bláskógabyggðar.

Laugarvatni, 28. apríl 2016




Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands




Helgi Kjartansson

oddviti sveitarstjórnar Bláskógabyggðar

Viðstaddir undirritun:



Sigurður Ingi Jóhansson
forsætisráðherra



Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra